

Mál nr. 325 Bætt staða og þjónusta við Íslendinga búsetta erlendis.

Undirrituð styður þetta mál sérstaklega, þar sem ég hef ítrekað lent í vandræðum vegna búsetu í Bandaríkjunum.

**L-liður:** *Meðlagsgreiðslum til einstaklinga búsettra erlendis þar sem meðlagsgreiðandi er bú- settur á Íslandi.*

Þegar ég flutti fyrir sex árum til Bandaríkjanna ásamt þrem synum, hætti Tryggingastofnun að innheimta meðlagsgreiðslurnar vegna skilyrði um búsetu á Íslandi, þrátt fyrir að hafa staðfestan meðlagssamning frá Sýslumanni. Synir mínir hafa samtals misst af 183 meðlagsgreiðslum sem eru tæpar 7 milljónir. Faðir elsta sons míns (f.2002) hefur sleppt að borga 39 meðlagsgreiðslur og faðir hinna (f. 2007 og 2009) hefur sleppt að borga 144 meðlagsgreiðslur, og á hann eftir að borga rúm 3 ár og rúm 5 ár til viðbótar. Ég hef leitað eftir aðstoð hjá Division of Child Support, en þar sem engir samningar eru á milli Íslands og Bandaríkjanna um innheimtu meðlaga, né hefur Ísland skrifað undir *The Hague Convention of 23 November 2007 on the International Recovery of Child Support and Other Forms of Family Maintenance*. Þetta eru ekki jafnrétti fyrir öll börn, heldur er verið að mismuna og jafnvel gleyma þeim íslenskum börnum sem sérstaklega búa fyrir utan EES, sem er í misræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

**B-liður:** *Aðgengi einstaklinga erlendis að stafrænni þjónustu með rafrænum skilríkjum.*

Ég hef átt í vandræðum með aðgengi af þjónustu vegna þess að vera án stafrænna skilríkja. Ég og synir mínir gerðum okkur spes ferð til Íslands til að sækja um auðkenni í eigin persónu og til að endurnýja vegabréf. Nú er staðan þannig eftir að ég kom heim til Seattle stimplaði ég inn vitlaust PIN númer og mér var sagt að ég þurfi að mæta í eigin persónu til að laga það, sem er alveg út í hött.

**K-liður:** *Útgáfu íslenskra vegabréfa á erlendri grund, t.d. með auknu samstarfi við sendiráð Norðurlanda.*

Við fórum ferð til Íslands til að endurnýja vegabréf. Umboðsmaður Sýslumanns í Seattle getur bara gefið út neyðarvegabréf þannig til að endurnýja vegabréf þarf annað hvort að ferðast til sendiráðsins í Washington DC, sem tekur tæpa 6 tíma með beinu flugi, eða gera sér ferð til Íslands. Þessir kostir eru báðir dýrir og tímafrekir, sérstaklega þegar fólk er í vinnu og skóla.

**H-liður:** *Aðgengi að íslensku barna- og fræðslufni fyrir börn búsett erlendis.*

Við höfum ekki getað horft á barnaefni á RÚV t.d seinustu 6 árin og mér finnst það frekar fúlt þar sem ég borga ennþá skatt á Ísland. Það hefði hjálpað mikið til að geta horft á íslenska þætti, gert það soldið auðveldara að viðhalda íslensku drengja minna, og er ég að berjast við að þeir (og ég) gleymi ekki íslenskunni.

Bestu kveðjur,

Aðalheiður Rut Davíðsdóttir